

Nr. 33.
11. júlí.

Lög

um

sjerstakt varnarþing í víxilmálum.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Víxilmál, sem rísa út af víxlum, sem samkvæmt ákvæði á víxlinum sjálfum eiga að greiðast á tilteknum stað, má höfða og sækja fyrir gestarjetti í þeirri þinghá, þar sem víxillinn á að greiðast, eins og þar væri varnarþing varnaraðila. Stefnu skal birta á lögheimili hans með venjulegum fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis, sem fyrirtökustaðurinn, með 4 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmisins, en þó í sama landsfjórðungi, en með 6 vikna fresti, ef það er í öðrum landsfjórðungi.

Ákvæði þessi ná ekki til víxilmála, er rísa af víxlum, sem dagsettir eru áður en lög þessi öðlast gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 11. júlí 1911.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

LOV

Nr. 33.
11. Juli.

om

særskilt Værneting i Vekselsager.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Vekselsager, der opstaa i Anledning af Veksler, der efter Vekslens eget Indhold skal betales paa et bestemt Sted, kan anlægges og føres for Gæsteretten i den Jurisdiktion, hvor Vekslen skal betales, som om det var Indstævntes Værneting. Stævningen skal forkyndes paa Sagsøgtes Bopæl med sædvanligt Varsel, hvis denne er beliggende i den Jurisdiktion, hvor Sagen skal foretages, med 4 Ugers Varsel, hvis den er udenfor Jurisdiktionen, men dog i samme Landsfjerding, og med 6 Ugers Varsel, naar den er beliggende i en anden Landsfjerding.

Disse Bestemmelser komme ikke til Anvendelse paa Vekselsager, der anlægges i Anledning af Veksler, der ere daterede inden denne Lovs Ikrafttræden.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.

Kristján Jónsson.

Jon Krabbe.